

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 – 1993

Nr. 286

530

26. júlí 1993

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 246 14. júní 1993 um loðnuveiðar 1993/1994.

1. gr.

1. tl. 3. gr. reglugerðarinnar, orðist svo: Loðnuveiðar eru bannaðar vestan 19°00 V. sunnan línu, sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 67°45'0 N – 19°00'0 V
2. 67°45'0 N – 22°00'0 V
3. 66°00'0 N – 27°00'0 V

Syðri mörk svæðisins út af Vestfjörðum markast af 66°00 N.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands öðlast gildi frá og með 28. júlí 1993.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. júlí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Þórður Eyþórsson.

Nr. 287

26. júlí 1993

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 346, 7. september 1992 um þorskfisknet.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Allar veiðar í þorskfisknet í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar frá og með 1. júlí til og með 31. júlí ár hvert.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. júlí 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Þórður Eyþórsson.